

Fjárhagsáætlun
Bolungarvíkurkaupstaðar

2021

Rekstrarreikningur ásamt greinargerð





Efnisyfirlit

1. Rekstrarreikningur 2021	1
2. Rekstraryfirlit á málaflokka	2
3. Yfirlit yfir sjóðstreymi 2021	3
4. Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021	4
Almennt um fjárhagsáætlunina	4
Skatttekjur.....	4
Útsvar	5
Jöfnunarsjóður.....	5
Fasteignagjöld.....	5
Gjaldskrár	5
02 Félagsþjónusta.....	5
04 Fræðslu og uppeldismál.....	6
Grunnskólinn.....	6
Leikskólinn	6
Tónlistarskólinn.....	6
05 Menningarmál	6
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	6
07 Brunamál og almannavarnir.....	6
08 Hreinlætismál.....	7
09 Skipulags og byggingamál.....	7
10 Umferðar og samgöngumál.....	7
11 Umhverfismál	7
21 Sameiginlegur kostnaður	7
Fjármagnsliðir.....	7
Eignasjóður.....	7
Bolungarvíkurhöfn.....	8
Vatnsveita og fráveita.....	8
Félagslegar íbúðir.....	8
Félagsheimili Bolungarvíkur	8
Hjúkrunarheimilið.....	8
Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda.....	8
Veltufé frá rekstri - framlegð	8
Skuldahlutfall.....	9
Þakkir	9



1. Rekstrarreikningur 2021

	2021	2021
Rekstrartekjur		
- Útsvar	-636.451.749	-625.591.001
- Framlög jöfnunarsjóður	-238.952.037	-279.537.025
- Fasteignaskattar	-82.018.188	-80.347.152
- Sölutekjur	-41.897.989	-33.001.954
- Þjónustutekjur	-260.374.574	-251.713.935
- Leyfisgjöld	-5.167.773	-5.055.403
- Aðrar tekjur	-110.789.455	-106.918.923
- Millifærslutekjur	-111.773.979	-115.276.227
Rekstrartekjur alls	-1.487.425.744	-1.497.441.620
Rekstrargjöld		
- Laun og launatengd gjöld	775.335.187	730.231.586
- Breyting lífeyrisskuldbindingar		
- Vörukaup	41.957.223	42.985.992
- Þjónustukaup	101.378.752	105.789.836
- Orkukostnaður	58.788.147	56.299.673
- Viðhaldskostnaður	44.691.933	68.192.692
- Upplýsingakerfi	9.892.211	11.978.089
- Önnur rekstrargjöld	63.184.219	94.055.649
- Styrkir og annað	91.438.830	94.744.987
- Skattar og gjöld	20.740.923	20.349.568
- Afskriftir	74.752.911	66.553.441
- Millifærslugjöld	111.773.979	112.434.099
Rekstrargjöld alls	1.393.934.315	1.403.615.612
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	-93.491.429	-93.826.008
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	91.339.974	83.519.451
Óreglulegir liðir		
Rekstrarniðurstaða	-2.151.455	-10.306.557



2. Rekstraryfirlit á málaflokka

Aðaltölur	2021	2020															
Samanh.																	
Málafli.	Deild	Heiti	Skatttekjur Framlög	Jö Aðrar tekju	Tekjur samtals	Laun og laú	Önnur rek:	Afskriftir	Gjöld samt	Fjármagnsl	Framlög,	h Rekstrar	ni Samanh.	Mismunur			
Aðalsjóður																	
00		Skatttekjur	-718.470	-238.952	100	-957.322			0					-957.322	-985.424	28.102	
02		Félagsþjónusta			-66.026	-66.026	102.710	87.706	190.416					124.390	123.451	939	
03		Heilbrigðismál			0	0	3.515	3.515	3.515					3.515	3.450	65	
04		Fræðslu- og uppeldismál			-32.560	-32.560	412.406	102.228	514.634					482.074	475.295	6.779	
05		Meningarmál			-2.100	-2.100	517	21.815	22.332					20.232	31.170	-10.938	
06		Æskulýðs- og íþróttamál			-56.067	-56.067	59.237	72.277	131.514					75.447	72.487	2.960	
07		Brunamál og almannavarnir			-310	-310	13.049	11.165	24.214					23.904	25.740	-1.836	
08		Hreinlætismál			-31.385	-31.385	2.976	32.374	35.350					3.965	3.244	721	
09		Skipulagsfulltrúi, skipulagsnefnd			-4.838	-4.838	12.604	14.515	27.119					22.281	20.521	1.760	
10		Umferðar- og samgöngumál			-2.000	-2.000	28.491	28.491	28.491					26.491	38.493	-12.002	
11		Umhverfismál			-150	-150	11.301	11.301	11.301					11.151	22.771	-11.620	
13		Atvinnumál			-1.000	-1.000	757	757	757					-243	233	-476	
20		Framlög til B-hluta fyrirtækja			0	0			0					0		0	
21		Samеiginlegur kostnaður			-29.006	-29.006	107.117	44.250	151.367					122.361	114.649	7.712	
22		Lífeyrisskuldbindingar			0	0	4.000	4.000	4.000					4.000	7.972	-3.972	
27		Óvenjulegir liðir			0	0	5.000	5.000	5.000					5.000	5.000	0	
28		Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			0	0	1.500	1.500	1.500					12.669	229	12.440	
		Aðalsjóður samtals			-718.470	-238.952	-225.342	-1.182.764	715.616	435.894	0	1.151.510	11.169	0	-20.085	-40.719	20.634
		Aðrir sjóðir A-hluta															
31		Eignasjóður rekstur			-96.826	-96.826	11.734	37.024	38.479					12.781	14.531	-1.750	
		Millifærslur A-hluta			110.970	110.970	-110.970	-110.970	-110.970					0	0	0	
		A-hluti samtals			-718.470	-238.952	-211.198	-1.168.620	727.350	361.948	38.479	1.127.777	33.539	0	-7.304	-26.188	18.884
		Sjóðir B-hluta															
41		Hafnar sjóður rekstur			-101.445	-101.445	30.783	32.733	9.434					-26.981	-24.170	-2.811	
43		Vatnsveita			-41.814	-41.814	9.790	11.111	4.788					-12.539	-12.199	-340	
57		Félagsslegar íbúðir			-21.927	-21.927	2.278	15.699	5.767					15.807	16.031	-224	
61		Frávætta			-20.162	-20.162	5.135	2.854	205					-9.995	-8.453	-1.542	
71		Hjúkrunarheimili			-22.487	-22.487	2.935	8.861	11.796					8.906	8.206	700	
93		Félagshæimilið			0	0	5.596	7.220	12.816					29.956	36.469	-6.513	
		Millifærslur B-hluta			804	804	-804	-804	-804					0	0	0	
		A- og B-hluti samtals			-718.470	-238.952	-418.229	-1.375.651	775.336	432.072	74.754	1.282.162	91.339	0	-2.150	-10.304	8.154



3. Yfirlit yfir sjóðstreymi 2021

2021 Áætlun

	Samstæðan	A-hluti	B-hluti
Rekstrarhreyfingar			
- Niðurstöður ársins	3.672.091	7.389.396	-3.717.305
- Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
- (Söluhagn. eigna)/sölutap eigna			
- Reiknaðar afskriftir	74.752.914	38.478.537	36.274.377
- Verðbætur og gengismunur	68.570.300	41.420.942	27.149.358
- Verðb. og gengism. langt. krafna	-18.465.609	-18.465.609	
- Breyting lífeyrisskuldbindinga	4.000.000	4.000.000	
- Tapað hlutafé			
- Veltufé frá rekstri	132.529.696	72.823.266	59.706.430
- Breytingar á skammtímalíðum			
- Birgðir, lækkun			
- Óinnheimtar tekjur (hækkun)			
- Aðrar skammtímakröfur (hækkun)			
- Skammtímaskuldir, (lækkun)			
- Breytingar alls			
Handbært fé frá (til) rekstri	132.529.696	72.823.266	59.706.430
Fjárfestingahreyfingar			
- Fjárf. í varanl. rekstrarfjármunum	-70.000.000	-50.000.000	-20.000.000
- Söluverð seldra rekstrarfjármuna			
- Niðurskrift snjóflóðavarnargarða			
- Nýtt hlutafé			
- Nýjar langtímakröfur			
- Afborganir langtímakrafna	22.370.842	22.370.842	
- Fengnar arðgreiðslur			
- Annað			
Fjárfestingahreyfingar alls	-47.629.158	-27.629.158	-20.000.000
Fjármögnunarhreyfingar			
- Tekin ný langtímalán	70.000.000		
- Afborganir langtímalána	-111.655.236	-111.655.236	-53.518.083
- Eigin fyrirtæki, breyting		-3.811.655	3.811.655
Fjármögnunarhreyfingar alls	-41.655.236	-115.466.891	-49.706.428
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	43.245.302	-70.272.783	-9.999.998
- Handbært fé í ársbyrjun	0	0	0
Handbært fé í árslok	43.245.302	-70.272.783	-9.999.998



4. Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

Almennt um fjárhagsáætlunina

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem er lögð fram til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 20,1 m.kr. en að samstæða A- og B-hluta skili 2,2 m.kr. afgangi. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld samstæðunnar verði 775 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 132 m.kr.


Skatttekjur

Útsvar og fasteignatekjur ásamt lóðarleigu verða 718 m.kr. á árinu 2021, en framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 238 m.kr. sem er lækkun frá 279 m.kr. í áætlun ársins 2020. Gert er ráð fyrir að þjónustutekjur í A-hluta verði 204 m.kr. Alls er því reiknað með að tekjur A-hluta nemi 1.162 m.kr. Heildartekjur sveitarfélagsins eru hinsvegar áætlaðar 1.369 m.kr.

Skatttekjurnar, þ.e. útsvar, fasteignaskattur og lóðarleiga ásamt framlögum Jöfnunarsjóðs, eru nýttar til að reka málaflokka í A-hluta, en þessar skatttekjur nema samtals 957 m.kr.

Af þeim fara 482 m.kr. í fræðslumál eða 50%, en í félagsþjónustu fara 124 m.kr. eða 13%. Þjónusta við fatlaða fellur undir þennan lið, en sveitarfélagið greiðir framlag til BsVest, sem er Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum. Það er svo byggðasamlagið sem ráðstafar fjármunum til sveitarfélaganna sem sinna þjónustunni.

Í sameiginlegan kostnað, t.d. bæjarskrifstofu, bæjarstjórn og bæjarráð, og ýmis samvinnuverkefni með öðrum sveitarfélögum s.s. Fjórðungssambandið, Samtök íslenskra sveitarfélaga, Náttúrustofu Vestfjarða o.þ.h., í málaflokkinn fara 122 m.kr. eða 13% skatttekna. Undir þennan lið falla einnig kynningarmál sveitarfélagsins, heimasíða o.þ.h. Æskulýðs- og íþróttamál nota 75 m.kr. eða 8% skatttekna, en aðrir málaflokkar fá til sín minna hlutfall skatttekna eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti á mynd 1.





Útsvar

Í Bolungarvík verður útsvarsprósenta áfram 14,52% sem er leyfilegt hámarksútsvar, en flest sveitarfélög á Íslandi nýta sér leyfilegt hámarksútsvar. Af þessum 14,52% fara þó 0,77% eins og hjá öllum öðrum sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir rekstri grunnskólana í landinu. Jöfnunarsjóður úthlutar svo framlaginu til sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum til að mæta mismiklum kostnaði allra sveitarfélaga vegna málflokksins.

Til viðbótar fer svo 0,99% af útvarinu beint til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra. Þeim fjármunum úthlutar Jöfnunarsjóður einnig til til sveitarfélaga eða byggðasamlaga eftir ákveðnum reglum. Á Vestfjörðum er starfandi byggðasamlag fyrir málefni fatlaðra (BsVest) sem fær fjármunum úthlutað, en auk þeirra fjármuna sem byggðasamlagið fær frá Jöfnunarsjóði greiða sveitarfélögin beint 0,25% af útvarinu til byggðasamlagsins. Þannig má segja að 12,51% af 14,52% útsvarsprósentu standi eftir þegar búið er að draga frá þessi framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og byggðasamlags um málefni fatlaðra.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur sveitarfélagsins verði 636 m.kr. árið 2021.

Jöfnunarsjóður

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir framlög Jöfnunarsjóðs byggir á áætlun sjóðsins sjálfs. Gert er ráð fyrir því að framlög Jöfnunarsjóðs verði 238 m.kr. Hlutfall Jöfnunarsjóðs af tekjum aðalsjóðs er þá 20,6% af heildartekjum sveitarfélagsins, en samsvarandi hlutfall í síðustu fjárhagsáætlun var 20,9%.

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur (A) á íbúðarhúsnæði er 0,625% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur (B) af opinberu húsnæði í eigu ríkisins er 1,32% sem er leyfilegt hámark hans. Fasteignaskattur (C) af öðrum fasteignum er 1,65%. Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar skili samtals 71 m.kr. í tekjur og lóðarleiga 10 m.kr. í tekjur á árinu 2021.

Vatnsgjald og holræsagjöld eru 0,4% og 0,275% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis er 1,4% af fasteignamati lóðar og önnur lóðarleiga 2,5 % af fasteignamati lóðar.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrár er 2,5% með nokkrum undantekningum. Sumir liðir standa í stað eða hækka umfram almennar hækkunir á meðan aðrir liðir lækka. Hin almenna hækkun er í takt við spár Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun á verðlagi næsta árs.

02 Félagsþjónusta

Þótt stærsti einstaki útgjaldaliðurinn undir lið 02 Félagsþjónusta séu útgjöld vegna þjónustu við fatlaða þá segir það lítið um umfang þeirrar þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Þau útgjöld renna að stærstum hluta til byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum sem síðan stýrir útgreiðslum til þeirra sveitarfélaga sem sjá um þjónustuna við þjónustuþega. Bolungarvíkurkaupstaður mun áfram reka búsetuþjónustu í Bolungarvík á næsta ári.



04 Fræðslu og uppeldismál

Fræðslumálin er umfangsmesti málaflokkur sveitarfélagsins, en heildarútgjöld málaflokksins í áætlun hækka úr 506 m.kr. í 516 m.kr. en á móti koma tekjur af gjöldum í leikskóla og tónlistarskóla og heilsdagsskóla auk mötuneytis að fjárhæð 30 m.kr. þannig að rekstrarniðurstaða málaflokksins er 486 m.kr. sem fjármagna þarf með skatttekjum.

Grunnskólinn

Rekstrarkostnaður Grunnskólans er 313 m.kr. í fjárhagsáætlun 2021. Þar af er launakostnaður 239 m.kr., en annar rekstrarkostnaður er 74 m.kr.

Leikskólinn

Rekstrarkostnaður leikskólans er 159 m.kr. þar af er launakostnaður leikskólans er 137 m.kr. skv. áætluninni, en annar rekstrarkostnaður er 21 m.kr. Á móti koma innheimtar tekjur sem eru u.þ.b. 20 m.kr.

Tónlistarskólinn

Rekstrarkostnaður Tónlistarskólans er 31 m.kr. þar af er launakostnaður 27 m.kr., en annar rekstrarkostnaður 3 m.kr. Innheimtar tekjur eru 4 m.kr.

05 Menningarmál

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 22 m.kr. að meðtalinni innri leigu. Í áætluninni er gert ráð fyrir talsverðum lækkunum á kostnaði til þessa málaflokks sem felst að stærstum hluta í minni umsvifum safnanna Sjóminjasafnsins Ósvarar og Náttúrugripasafnsins. Áfram tekur sveitarfélagið þátt í rekstri Byggðasafns Vestfjarða ásamt því að reka Bókasafn.

Félagshemilið sem er mikilvægur þáttur í menningarstarfsemi í bænum er rekið í sérstöku B-hluta fyrirtæki og er reiknað með að það verði rekið með 30 m.kr. tapi.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Heildarútgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála verða 131 m.kr. samkvæmt áætluninni en á móti koma tekjur að fjárhæð 56 m.kr. Það segir þó ekki alla söguna vegna innri viðskipta á milli stofnana sveitarfélagsins. Þannig kaupir t.d. grunnskólinn þjónustu af Íþróttamiðstöðinni vegna leigu á íþróttasölum og sundlaug fyrir kennslu. Greiddur aðgangseyrir að íþróttamiðstöðinni er því um 34 m.kr.

Reiknað er með að styrkir til íþróttafélaga verði 17 m.kr. Þar af eru peningalegir styrkir 8 m.kr.

07 Brunamál og almannavarnir

Framlög af skattfé sem fara til brunavarna eru um 24 m.kr. þar af er launakostnaður 13 m.kr. Gert er ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði að fjárhæð 11 m.kr., en inni í þeirri tölu er auk ýmissa útgjalda vegna kaupa viðhalds á búnaði, innri leiga af slökkvibílum og slökkvistöð.



08 Hreinlætismál

Undir málaflokkinn falla m.a. sorphreinsun hjá íbúum og rekstur gámastöðvar auk kostnaðar við sorpeyðingu eða urðun á sorpi. Gert er ráð fyrir að gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingu standi undir kostnaði við málaflokkinn.

09 Skipulags og byggingamál

Gert er ráð fyrir að nettó kostnaður við skipulags og byggingarmál verði um 22 m.kr. Þar er aðallega um að ræða kostnað vegna tæknideildar, byggingarfulltrúa, og aðalskipulags- og deiliskipulagsgerðar. Um er að ræða margvísleg verkefni tæknifræðings s.s. hönnun, kostnaðaráætlunum, útboðum og verkeftirliti auk þess að vinna úr ýmsum fyrirspurnum sem koma úr bæjarráði eða frá bæjarstjóra varðandi verkefni sem ráðast á í eða verið er að skoða.

Fyrir liggur að klára þarf nýtt aðalskipulag sem taka þarf gildi 2021. Vinna er í fullum gangi og er reiknað með að það klárast á næst ári. Áætlaðar eru 4 m.kr. í það verkefni í fjárhagsáætlun 2021.

10 Umferðar og samgöngumál

Heildarútgjöld vegna málaflokksins eru 28 m.kr. Undir málaflokkinn fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta, götulýsing og snjómokstur.

11 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir 11 m.kr. í þennan málaflokk sem innifelur m.a. slátt og hirðingu opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins. Dregið er nokkuð úr kostnaði við þennan málaflokk til að mæta minni tekjum.

21 Sameiginlegur kostnaður

Til sameiginlegs kostnaðar telst kostnaður við bæjarstjórn, bæjarskrifstofu, markaðs- og kynningarmál og greiðslur inn á lífeyrisskuldbindingar ásamt ýmsum kostnaði vegna samstarfs sveitarfélaga, bæði á landsvísu og fjórðungsvísu. Gert er ráð fyrir að nettó framlög í sameiginlegan kostnað verði 122 m.kr. á árinu.

Fjármagnsliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbreytingar ársins 2021 verði 2,5% og fjármagnsliðir verði neikvæðir um 13m.kr. í A-hluta en neikvæðir um 70 m.kr. í B-hluta þannig að í samstæðu A- og B-hluta eru fjármagnsliðir neikvæðir um 77 m.kr.

Eignasjóður

Í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ráðstafa um 18 m.kr. í meiriháttar viðhald eigna sem tilheyra eignasjóði. Skiptingu á einstök verkefni mun bæjarráð gera tillögu um fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.



Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir 23 m.kr. hagnaði hjá Bolungarvíkurhöfn á árinu 2021. Hafnarstjórn leggur til að gjaldskrá hafnarinnar hækki að jafnaði um 2,5% frá gjaldskrá ársins 2020. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að aflagjald verði óbreytt 1,55%.

Vatnsveita og fráveita

Tekjur vatnsveitunnar eru áætlaðar um 38 m.kr. Þær eru að stærstum hluta fastar tekjur af álögðum vatnsskatti sem nemur 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, en auk þess greiða stórir notendur aukavatnsskatt. Undir annan rekstrarkostnað vatnsveitu fellur ýmiskonar viðhald í hreinsistöðvum, auk nýrra heimtauga. Þá er um að ræða rafmagn fyrir dælur og til lýsingar og hitunar o.s.frv. Gert er ráð fyrir að 13 m.kr. tekjuafgangur verði á rekstri vatnsveitunnar árið 2021.

Holræsagjald sem er 0,275% af fasteignamati húss og lóðar myndar tekjur fráveitunnar. Reiknað er með að tekjurnar nemi 20 m.kr. árið 2021. Gjöld fráveitunnar með fjármagnsgjöldum nema samtals 10 m.kr. og skilar fráveitan því jákvæðri rekstraniðurstöðu að upphæð 10 m.kr.

Félagslegar íbúðir

Áætlunin gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 17 m.kr. árið 2021.

Félagsheimili Bolungarvíkur

Gert er ráð fyrir að tekjur ársins 2021 verði 2,9 m.kr. Eins og áður hefur komið fram er sveitarfélagið að leggja stóran skerf til menningarmála með rekstri Félagshemilisins, en reiknað er með að tap af rekstri verði 37 m.kr. á árinu.

Hjúkrunarheimilið

Hjúkrunarheimilið er í eigu sveitarfélagsins og rekur húsnæðið og greiðir af þeim lánum sem á því hvílir. Í gildi er leigusamningur við Velferðaráðuneytið er gert ráð fyrir að leigutekjur verði 22 m.kr. á árinu 2021. Gert er ráð fyrir því að fjármagnsliðir og afskriftir verði 28 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 3 m.kr. Tap af rekstrinum er því áætlað að verðu um 8 m.kr. á árinu 2021.

Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 160 m.kr. í A- og B-hluta á árinu 2019 í þeirri áætlun sem lögð er fram til fyrri umræðu. Bæjarráð mun gera tillögu um endanlega fjárhæð fjárfestingar og skiptingu á verkefni fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 147 m.kr. eða 11,0% af heildartekjum. Áætlunin gerir ráð fyrir lántöku að fjárhæð 160 m.kr. Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána verði 100 m.kr. á næsta ári.

Veltufé frá rekstri - framlegð

Veltufé frá rekstri er 147 m.kr. sem er ásættanlegt og er samkvæmt því endurgreiðslutími skulda sveitarfélagsins um 12 ár, en Eftirlitsnefnd með Fjármálum Sveitarfélaga miðar við að endurgreiðslutími skulda sveitarfélaga sé undir 20 árum.



Skuldahlutfall

Áætlunin gerir ráð fyrir að skuldahlutfall sveitarfélagsins verði í árslok 2021, m.v. 160 m.kr. fjárfestingar, 100% á árinu.

Þakkir

Bæjarstjóri vill þakka bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun ársins er leiðarljós okkar sem berum ábyrgð á rekstri sveitarfélagsins og grundvöllur þess að viðeigandi fjárheimildir séu til staðar til að rekstur sveitarfélagsins gangi eðlilega fram. Það er mikilvægt að það sé öflugt og skilvirkt eftirlit til staðar með framkvæmd fjárhagsáætlunar hverju sinni og að til sé gott vinnulag til að bregðast við ávæntum breytingum í ytra umhverfi sem og breytingum sem verða í rekstri sem leiða til framúrkeyrslu.

Þessi fjárhagsáætlun er því mikilvægt plagg sem endurspeglar jafnframt vel fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2021 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

**Bolungarvík 7. desember 2020,
Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri**